



Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 17. október 2023 klukkan 17:00.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Þormóður Skorri Steingrímsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir og Einar Gíslason.

1. Umsækjendur um starf æskulýðs- og fræðslufulltrúa.

Vilfríður vék af fundi undir þessum lið.

Þrír sóttu um starf æskulýðs- og fræðslufulltrúa. Umræður um ráðningasamning og skyldur tilvonandi starfsmanns. Framkvæmdastjóra, Sigrúnu, Þormóði og Ívu falið að hitta umsækjendur og leggja tillögu fyrir stjórn.

2. Uppskeruhátíð Fáks

Uppskeruhátíð Fáks verður haldin 23. nóvember 2023. Framkvæmdastjóra er falið að gera uppfærslu á reglum um stigagjöf og leggja tillögu fyrir stjórn. Í framhaldi verður auglýst eftir árangri knapa á keppnisárinu 2023.

3. Faxaból 12 – Stöðvun framkvæmda

Stjórn er upplýst um að byggingarfulltrúi hefur stöðvað framkvæmdir við Faxaból 12 þar sem engin leyfi liggja fyrir framkvæmdum.

Á stjórnarfundu Fáks 18. apríl 2023 barst erindi frá Sveini Ragnarssyni þar sem hann kynnti fyrirhugaðar framkvæmdir við hús hans í Faxabóli 12. Afgreiðsla stjórnar var þá að hún setji sig ekki upp á móti tillögunni með þeim fyrirvara að framkvæmdin fái samþykki skipulagsyfirvalda og þóknun verði greidd félaginu fyrir lóðina fáist verkefnið samþykkt. Nú liggur fyrir að Sveinn framkvæmdi án tilskilinna leyfa og hefur byggingarfulltrúi stöðvað framkvæmdir.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

4. Afnotaleyfi á borgarlandi í Víðidal

Formaður fer á fund með forsvarsmönnum Reykjavíkurborgar á fimmtudag þar sem honum verður kynnt samningur um afnot af borgarlandi í Víðidal. Formaður kynnir samning fyrir stjórn og verður hann til umræðu á næsta fundi.

5. Styrkur vegna Landsmóts

Stjórn veitir formanni heimild til að skrifa undir samning við Reykjavíkurborg um styrk til svæðisins vegna Landsmóts 2024.

6. Landsmót 2024

Stjórn LM 2024 ehf hefur fengið frá skrifstofu LH viðauka við samning Spretts um Landsmót. Er það ósk stjórnar Fáks að nýr samningur verði gerður við LH um Landsmót 2024. Formanni og Þormóði er falið að yfirfara samninga tengda Landsmóti.



7. Félagshesthús Fáks

Gjaldkera er falið að gera nýjan samning við umsjónarmann félagshesthússins.

8. Umgengni á félagssvæði Fáks

Framkvæmdastjóra er falið að hafa samband við aðila sem eiga rúllur sem eru ekki á rúllusvæði og önnur aðföng að fjarlægja þau af sameiginlegum svæðum.

Fundi slitið 18:10

Fundargerð ritaði Einar Gíslason